

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

FEBRÚAR 2022

2. tbl. 29. árg.

## B&T

RÉTTING & SPRAUTUN  
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi  
www.bilarogtjon.is



Erum á Óðinsgötu 1

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid  
Netverslun: systrasamlagid.is



Séð frá Suðurhólum yfir Hólagarð.

Öll lyf á  
lágmarksverði  
og samheitalyf  
líka!



## Andlitslyfting í Breiðholti

Breiðholt er eitt fyrsta hverfið í borginni til að fá samþykkt hverfisskipulag. Þar er ýmsa nýlundu að finna. Þar á meðal annars að leyfa íbúum að gera breytingar á húsnæði sínu án mikils flækjustigs og tilkostnaðar.

Einnig hafa verið skilgreind þróunar- og þjónustusvæði. Endurbýgging hverfakjarna í Bökkum og Fellum ber þar hátt. Ýmis atriði voru umdeild í byrjun en með góðri kynningu og samráði við íbúa voru aðeins örfáar athugasemdir gerðar við það. Með nýja hverfaskipulaginu verður unnt að gera andlitslyftingu á nær hálfri aldar gamalli byggð og auka möguleika fólks til lífsgæða.



Hinn eini sanni Brynjuís  
nú kominn í Lóuhólana!



## Pitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900

# LIND

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

## VIÐ BREIÐHOLTID

**OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:**  
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:  
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

# Iceland

# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

2. tbl. 29. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Þróun sem verður að stöðva

Að undanförunu hefur verið skotið á fólk í Reykjavík. Önnur skotarársin var í úthverfi þar sem ungur maður skaut á mann og konu og særði bæði. Ekki liggur fyrir hvort um var að ræða uppgjör vegna ástarmála eða hvort fleira hafi legið að baki. Slíkt kann þó vel að vera.

Önnur árás var í Miðborginni. Ungur maður gekk um vopnaður við bílastæðahús og skaut og skaut. Hæfði að lokum mann sem særðist en gat þá látið vita af sér. Skotvopnið sem notað var í árás í miðbæ Reykjavíkur var þrívíddarprentuð byssa.

Með nútíma tækni er hægt að prenta slík tæki – lífshættuleg vopn heima við í ódýrum prenturum sem hægt er að kaupa í íslenskum raftækjaverslunum. Þrívíddarprentun er kennd við framhaldsskóla þótt vonpaframleiðsla hafi aldrei verið markmið hennar.

Hér er við nýjan veruleika að eiga. Íslendingar eru ekki vanir vopnaburði nema til veiða. Svo virðist sem ungt fólk sé farið að horfa meira á möguleika byssunnar en áður þegar efna á til átaka.

Að einhverju leiti er þessi þróun innflutt. Hún berst hingað með fjöldaframleiddu myndefni. Einnig með hörðum umræðum um nauðsyn byssueignar sem einkum á sér stað fyrir vestan haf.

Talið er að glæpagengjum sé að fjölga hér á landi. Oft tengdum neyslu ólöglegra meðala - svokallaðra eiturlyfja. Um er að ræða svipaða þróun og í nágrennalöndunum.

Íslendingar vilja ekki þessa þróun. Hún vekur upp spurningar um hvernig löggæsla getur tekist á við hana. Íslendingar vilja ekki vopnaburð lögreglu og flestir sem starfa þar á bæ vilja ekki bera vopn í daganlegum störfum.

Hvenær nauðsyn getur „brotið lög“ í þeim efnum er ef til vill aðeins tímaspursmál. Spurningin er hvort og hvernig megi stöðva þessa þróun.

## Á fimmta tug bensínstöðva fara

- fjórar í Breiðholti

Bensínstöðvar við Stekkjarbakka, Skógarsel, Álfabakka og Suðurfell í Breiðholti eru á meðal þeirra sem eiga að víkja fyrir þjónustu og íbúðabyggð. Samningar hafa náðst við öll olíufélögin í Reykjavík um fækkun bensínstöðva í íbúðahverfum í samræmi við stefnur borgarinnar í loftslags og lýðheilsuárum. Með þessu er borgin að flýta fyrir umbreytingum í átt að þéttingu byggðar með aukinni áherslu á vistvænar samgöngur.

Á fimmta tug bensínstöðva eru í Reykjavík og þær búa yfir landrými sem gæti rúmað allt að 1400 íbúðir. Uppbygging hefst á næstu árum. Það er í forgangi að fækka stöðvum innan íbúðabyggðar og þar sem þær hafa áhrif á ásjón og yfirbragð byggðar. Þá er horft til lóða þar sem eru sérstök tækifæri til að þétta byggð og efla þjónustu og almennings-samgöngur í hverfum.

Samninganefnd á vegum borgarinnar var falið að líta á þessu mál heildstætt og leiða viðræður við öll olíufélögin og rekstraraðila. Með þessu var talið að hægt væri að setja hagsmuni borgarinnar í forgang og flýta fyrir jákvæðri þróun byggðar.

Lóðaleigusamningar við olíufélög hafa gjarnan verið langtímasamningar, oft með flóknum uppkaupsákvæðum. Með því að semja við öll olíufélögin á svipuðum grundvelli var hægt að hraða umbreytingum en í stað



Margvíslegar vörur eru fáanlegar á bensínstöðvum. Þar á meðal kaffi, sælgæti og ýmiskonar meðlæti. Jafnvel matarbitar. Bensínstöðvarnar hafa að mörgu leyti tekið við hlutverki sjoppanna gömlu sem flestar eru horfnar. Spurning er um hvort smáverslanir koma til með að koma aftur í nýju formi í ljósi hugmynda um aukna hverfisþjónustu.

Bensínstöðva munu rísa íbúðabyggingar, með eða án atvinnuhúsnæði á jarðhæð. Olíufélögin eru skuldbundin til að fjarlægja mannvirki og hreinsa jarðveg innan ákveðins tíma. Tillögur þeirra að nýbyggingum verða unnar í samráði við borgaryfirvöld og munu fara í skipulagsferli og grenndarkynningar. Ef ekki næst samkomulag um uppbyggingu verða samningar uppsegjanlegir.

Gert er ráð fyrir að nýting og

skipulag lóða taki mið af þéttingaráformum Reykjavíkurborgar og nýting lóðar í samræmi við það. Lóðarhafar samþykkja að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á 5% íbúða í húsum á lóðinni og kvöð er á lóðunum um að 20% íbúða skuli vera leiguíbúðir, sem auk Félagsbústaði verði stúdentaíbúðir, búseturéttaríbúðir eða íbúðir fyrir aldraða.



Frumkvæði,  
þekking  
og reynsla

## Íbúar í Breiðholti og Seljahverfi!

Styðjum Kjartan Magnússon í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, 18. - 19. mars.

Kjartan gjörþekkir málefni hverfanna og hefur unnið vel að hagsmunum þeirra.

2.  
sæti

KJARTAN  
Magnússon



**GARÐS  
APÓTEK**  
- rétt leið

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir  
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is  
eða í síma 568 0990

**Garðs Apótek - í yfir 60 ár**

Sogavegi við Réttarholtsveg  
Opíð 9-18 virka daga.

# Velkomin í FB



## Fjölbreytt nám í skapandi umhverfi

- Félagsvísindabraut
- Framhaldsskólabraut
- Íþróttabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin braut
- Starfsbraut
- Tölvubraut
- Húsasmiðabraut
- Rafvirkjabraut
- Sjúkraliðabraut
- Snyrtibraut
- Fata-og textílbraut
- Myndlistarbraut
- Nýsköpun, hönnun og listir

Undirbúningsnám fyrir skapandi nám á háskólastigi.  
Nemendur verða að hafa lokið stúdentsprófi,  
starfsnámsprófi eða sambærilegum prófum.

Allar nánari upplýsingar má finna á [www.fb.is](http://www.fb.is)



@fbskoli



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

# VIÐTALIÐ

# Breiðholtið er í mikilli sókn

- segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tilkynnti á dögunum að hann ætlaði í framboð í vor og leitast eftir umboði kjósenda til að halda áfram sem borgarstjóri. Breiðholtið settist niður með Degi og ræddi við hann um borgarmálin, Breiðholtið og það sem hann kallar „Nýju Reykjavík“, samnefnt bókinni sem hann gaf út fyrir jól og fjallað var um í desemberblaðinu. Þar fjallaði hann um löng og góð kynni sín af Breiðholtshverfinu. Dagur er bjartsýnn á framtíð borgarinnar og Breiðholtið og telur mörg tækifæri í stöðunni.

„Já mér finnst þetta hafa gengið vel undanfarin ár. Breiðholtið er í mikilli sókn og fjöldi mörg verkefni sem lengi hefur verið kallað eftir orðin að veruleika eða að verða að veruleika. Fjölnota knattús í Mjódd, keppnishús í handbolta og körfubolta er að verða að veruleika og glæsilegur frjálsíþróttavöllur. Mjóddin er í stuttu máli að verða eitt glæsilegasta og fjölbreyttasta íþróttasvæði landsins. Endurreisn gömlu hverfakjarananna í Arnarbakka og Völvufelli er líka að verða að veruleika. Það verður gaman að fá stúdentaíbúðir í Breiðholtið og jákvæða uppbyggingu.

## Reykjavík er að verða grænni og grænni

„Breiðholtið er líka orðið svo gróíð og grænt. Það sama á við um önnur hverfi. Reykjavík sem einu sinni var grá, er að verða

græn í öllum skilningi þess orðs. Það eru fleiri tré, fleiri græn svæði, fleiri blóm að sjálfsgöðu, eins og túlipanabreiðurnar í Bökkunum eru dæmi um, en líka fleiri valkostir í samgöngumálum, miklu fleiri hjólastígar, meira af öllu sem er gott fyrir umhverfið og minna af því gráa. Við höfum líka verið að beita okkur fyrir betri almenningsamgöngum og Borgarlínu í Breiðholtið. Borgarlínuverkefnið er lyklatríði til að draga úr umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu, líka fyrir þá sem ætla að vera áfram á bíl. Það er þetta sem kosningarnar í vor snúast um, framtíð eða fortíð, grænt eða grátt. Ég hef stundum sagt að fólk þurfi ekki að vera 100% sammála meirihlutanum í öllu en ef það er sátt við þessa leið sem við erum að fara, að byggja borg fyrir fólk, þessa grænu leið í samgöngum og leið kraftmikillar uppbyggingar í húsnæðismálum þá er valið einfalt í kosningunum í vor,“ segir Dagur.

## Stoltur af Breiðholtinu

Þegar talið berst að Breiðholtinu segist Dagur stoltur af þeim verkefnum sem borgin hefur sett af stað í hverfinu á undanförunum árum.

„Það er sannarlega hægt að dást að þessu hverfi og í hvert skipti sem ég kem þangað sé ég eitthvað nýtt. Við höfum verið með sérstaka áherslu á Breiðholtið undanfarin ár, með alls konar umbótum, með því að koma Fab Lab fyrir í Breiðholti en nær okkur í tíma



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

eru stærri verkefni eins og það að fjárfesta í úr sér gengnum verslunarkjörnum og þróa þar spennandi framtíð sem mun gera Breiðholtið enn sjálfbærara. Með sjálfbærni á ég við að íbúar hverfisins þurfi ekki að sækja sér þjónustu um langan veg, að íbúafjöldinn sé það mikill að þú getir nálgast alla helstu þjónustu í göngufæri og þurfir ekki að keyra borgarenda á milli til þess. Það er til dæmis leiðarljósið með uppkaupum á Arnarbakka og Völvufellskjörnum að þar verði svæðin endurreisn en að áfram verði kröftug hverfistengd þjónusta. Við erum komin með spennandi tillögur sem við ætlum okkur að vinna áfram með í sátt og við nærumhverfið.“

## Hverfisskipulagið framfaraskref

„Svo má ég til með að bæta við að Breiðholtið var eitt fyrsta hverfið í borginni til að fá samþykkt Hverfisskipulag. Þar erum við að leyfa íbúum að gera breytingar á húsnæði sínu án mikils flækjustigs og tilkostnaðar og um leið skilgreina þróunarsvæði, þjónustu og lykilkætti í hverfinu í samráði við íbúa þess. Í fyrstu voru ýmis atriði sem voru umdeild í hverfisskipulaginu. Í gegnum samráð endaði málið hins vegar þannig að aðeins örfáar athugasemdir komu við lokagerð þess. Breið samstaða er því um framtíðarsýn fyrir hverfið. Uppbyggingin á ÍR svæðinu er

annað mál sem ég er mjög stoltur af en þarna eru Breiðhylltingar komnir með aðstöðu á heimsmælikvarða. Dans- og fimleikahús Reykjavíkur rís svo í efra Breiðholti á næstu árum og með því að færa íþróttirnar nær íbúnum sjáum við fyrir okkur að ná til fleiri og fjölbreyttari hópa krakka sem þar búa. Ég hef líka lagt mikla áherslu á gott samstarf við FB og borgin er að leggja umtalsverða fjármuni í uppbyggingu í þágu skólans í samstarfi við ríkið. Þannig að möguleikarnir eru mjög margir í Breiðholti á næstu árum.

Breiðholtið er að ýmsu leyti fjölbreyttasta hverfi borgarinnar. Skólarnir eru sterkir. Skipulag hverfisins er mjög gott. Sambland af sérbylum og fjölbýli er vel



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði  
VELKOMIN

Mjóddin

hugsað. Breiðholtið hefur einnig laðað að sér fólk víða að. Reykjavík sér mikil tækifæri í því þótt það séu líka áskoranir. Við höfum efnt til sérstaks verkefnis til að tryggja þátttöku barna- og unglunga í skipulögðu frístundastarfi og íþróttum en við sjáum að það hefur verið minni notkun á frístundakortinu í Breiðholtshverfi en í borginni að meðaltali. Við erum því að auka úrval tómsunda í bæði efra og neðra Breiðholti og efla kynningu á því, auk meiri stuðnings við þær fjölskyldur sem hafa minna á milli handanna.

### Nýr leiðtogi alþjóðateymis

„Þá erum við nýbúin að ráða öflugan leiðtoga alþjóðateymis í Breiðholti, sem er nýtt starf en miðstöðin tók við þjónustu við flóttafólk og hælisleitendur um áramótin. Sú sem var ráðin, heitir Jasmina Vajzović Crnac og eru stjórnendur á sviðnu

afar spennit fyrir verkefninu. Jasmina er mörgum að góðu kunn þar sem hún hefur unnið með sendiherraverkefnið svokallaða. Í Breiðholti eru öflugir hópar íbúa af erlendum uppruna og til að koma á betri tengslum við hópana, til dæmis upplýsingagjöf vegna skólamála, þá hafa verið útnefndir sendiherrar frá ákveðnum tungumálasvæðum. Sem dæmi um tungumálasvæði þá eru sendiherrar nú virkir fyrir hópa sem tala albönsku, arabísku, tælensku, spænsku, pólsku, rúmensku og tungumálum sem eiga afrískan uppruna.“

### Breiðholtslaugin best

„Breiðholtslaug er af mörgum hverfisbúum talin ein sú besta á landinu. Hún hefur styrkst með tilkomu World Class, nýja eimbaðið og kaldi potturinn hefur slegið í gegn og endurbæturnar á rennibrautunum ekki síður. Ég vil líka nota tækifærið og hrósa

bókasafninu í Gerðubergi. Þar hefur safnið verið með ótrúlega metnaðarfullar ráðgátur fyrir alla fjölskylduna þar sem það nýtir

þetta frábæra hús til að skapa dulúð og góða stemmningu. Við fjölskyldan fórum og prófuðum eina af hinum frábæru ráðgátum

sem hægt er að taka þátt í á bókasafninu og er eitt af mörgum dæmum um frábært framboð í þessari menningarmiðstöð.“

Systrasamlagið  
Óðinsgötu 1  
101 Reykjavík

VIÐGERÐAROLÍAN
SÚ ALLRA STERKASTA
SÚ SÍGILDA

## BLACK SEED OLÍURNAR FRÁ VIRIDIAN FRAMÚRSKARANDI

Allar lífrænt vottaðar og beint frá býli

systrasamlagid.is

## FALLEGIR LEGSTEINAR

### ERUM FLUTT

Eyrartröð 16  
220 Hafnarfirði

Opnum 22. febrúar n.k.  
kl. 11-16

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði  
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

## Bergsteinar

legsteinagerð

# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson  
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason  
lögg. fasteignasali  
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson  
hdl. og lögg. fasteignasali  
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958



Axel Axelsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson  
aðstm. fasteignasala  
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson  
aðstm. fasteignasala  
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir  
hdl. og löggiltur  
fasteignasali



Harpa Rún Glad  
hdl. og löggiltur  
fasteignasali

Fasteignasalan

## Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000  
www.miklaborg.is

## Með þér alla leið

# Alfa námskeið í Breiðholtskirkju



Breiðholtskirkja.

Alfa námskeið er að byrja í Breiðholtskirkju. Aðeins eru nokkrir mánuðir síðan síðasta námskeiði lauk. En hvað er Alfa? Séra Magnús Björn Björnsson prestur í Breiðholtskirkju verður fyrir svörum.

"Alfa er afar aðgengilegt og skemmtilegt námskeið um lífið og tilveruna. Það fjallar um tilgang lífsins út frá kristnum sjónarhóli. Á hverju námskeiðskvöldi er varpað fram einni spurningu og reynt að svara henni. Spurningar eins og: Þýður lífið upp á meira en þetta? Hvernig get ég trúað? Lækjar Guð í dag? Námskeiðið fer þannig fram að fyrst er léttur kvöldverður, þá horfa þátttakendur á fræðslumynd á ensku með íslenskum texta og að lokum er þátttakendum skipt í hópa. Námskeiðið er afar áhugavert fyrir þá sem eru að velta fyrir sér trúmálum eða eru leitandi. Ekkert námskeiðsgjald er en tekið á móti framlögum. Segja má að þetta sé fullorðinsfræðsla í háum gæðaflokki, því allir koma jafnir að borðinu. Þetta er ekki prédikun heldur hlustun og samtal. Námskeiðið á rætur að rekja til safnaðar í ensku biskupakirkjunni í London. Það hefur orðið vinsælt um allan heim, ekki aðeins í söfnuðum mótmælenda heldur einnig meðal kaþólskra og í rétttrúnaðarkirkjum. Það ætti að mæla með námskeiðinu." Hvenær er námskeiðið? "Það er á föstudögum og hefst kl. 18. Upplýsingar eru á heimasíðu Breiðholtskirkju [www.breidholtskirkja.is](http://www.breidholtskirkja.is)."

# Léttir kaffihúsatónleikar í Fella- og Hólakirkju

Sunnudaginn 20. mars á jafndægrí á vori verður efnt til létrar og ánægjulegrar samkomu í Fella- og Hólakirkju.

Þá efir kór kirkjunnar til kaffihúsatónleika. Arnildur Valgarðsdóttir kórstjóri segir yfirskrift tónleikanna verða "Vertu til er vorið kallar á þig" en það er Rússneskt þjóðlag við texta eftir Tryggva Þorsteinsson.

Vertu til  
er vorið kallar á þig,  
vertu til  
að leggja hönd á plóg.  
Komdu út  
því að sólskinið vill sjá þig  
sveifla haka  
og rækta nýjan skóg,  
sveifla haka  
og rækta nýjan skóg.

Arnildur segir að birta og léttleiki muni ráða ríkjum Matthías Stefánsson num leika af snilld á fiðlu sína. Meðal laga sem flutt verða eru: Rósin, Litla Stína, Ó, blessuð vertu sumarsól.

Gestum verður svo boðið að syngja með í nokkrum lögum sem hefur mælst vel fyrir á fyrri tónleikum kórsins. Tónleikarnir eru liður í fjáröflun kórsins fyrir Skotlandsferð sem fyrirhuguð er í september. Fyrir 2.500 krónur



Fella- og Hólakirkja.

geta gestir notið skemmtilegrar og upplifgandi tónlistardagskrár með kaffibolla og góðu meðlæti.

Ó, blessuð vertu sumarsól,  
er sveipar gulli dal og hól  
og gyllir fjöllin himinhá  
og heiðarvötnin blá.  
Nú fossar, lækir, unnir, ár  
sér una við þitt gyllta hár.  
Nú fellur heitur haddur þinn  
um hvíta jökulkinn.

Fyrsta erindi. Ljóðið er eftir Pál Ólafsson og lagið eftir Seiðfirðingunni Inga T. Lárusson.

Tónleikarnir verða sem fyrr segir sunnudaginn 20. mars og hefjast kl. 14.30.

# Kjartan Vído í karlakaffi í Fella- og Hólakirkju 25. febrúar

Karлакaffið í Fella- og Hólakirkju er komið af stað á nýju ári. Næsti gestur verður Kjartan Vído Ólafsson markaðsstjóri Handknattleikssambands Íslands HSÍ verður næsti gestur í Karлакaffinu föstudaginn 25. febrúar kl. 10 til 11:30.

Kjartan Vído er Vestmanneyjngingur og mun segja okkur allt um EM ferðina til Ungverjalands. Kjartan mun fjalla um stöðu handboltans og framtíðar horfur landsliða kvenna og karla. Kjartan Vído hefur fylgt A landsliði karla undanfarni stórmót og þekkir því vel til allra þeirra þátta sem þarf að huga að á stórmótum erlendis og hýlendis. Það verður bæð gaman og fróðlegt að fá Kjartan í heimsókn og spennandi að heyra allt um handboltann. Og nú er bara að muna föstudaginn 25. febrúar á milli kl. 10 og 11.30. Spjall, kaffi, vínabrauð og samvera á staðnum.



Kjartan Vído Ólafsson.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og

ræðum skipulag útfarar ef óskað er

[www.utforin.is](http://www.utforin.is)



SÍÐAN 1996

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW




[WWW.ASWEKGROW.IS](http://WWW.ASWEKGROW.IS)



# Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

**Góð þjónusta breytir öllu**



# Það er ekki langt í vorið

Ágæta Breiðholtsblað, mig undirritaðri langar að senda þér nokkrar línur frá fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi, einkum til að minna þig og þína frábæru lesendur á tilvist okkar ... en svo er líka í aðra röndina nauðsynlegt að baða sig í sviðsljósinu af og til.

Eins og flestum er kunnugt hafa breytilegar fjöldatakmarkanir vegna Covid sannarlega sett svip sinn á starf fjölskyldumiðstöðvarinnar. Starfsfólk, leiðbeinendur og þátttakendur í starfsemi hafa tekið því með jafnaðargeði þegar þurft hefur að fresta eða jafnvel aflýsa viðburðum og dagskrárliðum til lengri eða skemmri tíma. Sama var upp á teningnum þegar veður og færð tóku að hefta aðgang okkar að fjölskyldumiðstöðinni hér í „efri byggð“, við tókum því með miklu æðruleysi (og hetjuskap), enda rættist mjög fljótlega úr málum. Ég veit, ég veit, einhverjum kann að finnast fyndið að ég nefni þetta. Hef t.d. heyrt Norðlending segja að við Reykvíkingar vitum ekki hvað ófærð og veðurteppa sé. Rætt var einmitt um það hér í félagsstarfinu á dögum af miklu raunsæi, að við séum orðnir góðu vanir, Reykvíkingar, enda nokkuð langt síðan að snjóaði eitthvað að ráði hér í bænum. Raunar kom í ljós, að við munum betur allt það sem á góðviðrisdaga okkar hefur drifið. Hvað um það, við ráðgerum að hreyfa okkur og dansa fram í bjartari



Garðveisla í félagsstarfinu í Gerðubergi.

tíma. Zumbadansleikfimin með Auði Hörpu, sem verið hefur í biðstöðu, er að hefjast aftur og sömuleiðis er línudansinn aftur kominn á dagskrá, að ónefndum göngu- og leikfimiþópnum okkar sjálfbæra, sem kemur saman tvisvar í viku. Ánægjulegt er að geta þess, að íbúaráð Breiðholts hefur samþykkt að veittur verði styrkur úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur til að halda hér í fjölskyldumiðstöðinni styrktar- og hreyfinámskeið fyrir eldra fólk á komandi vordögum. Námskeiðið

nefnist „Inni- og útifjör“ og er í umsjón tveggja íþróttakennara. Í stuttu máli stendur það námskeið fyllilega undir nafni, er bæði fjörugt og heilsueflandi. Þá fær Gerðubergskórinn okkar styrk úr „Heita pottinum“ og eigum við líklega von á góðum vortónleikum. Kórinn býður nýliða velkomna, fleiri raddir eru vel þagnar. Það er svo margt skemmtilegt framundan hjá okkur í félagsstarfinu, að ég þarf að senda þér kæra Breiðholtsblað aftur nokkrar línur þegar



Fjölskyldumorgnarnar eru vaxanfi þáttur í félagsstarfinu í Gerðubergi. Hér eru foreldrar og börn á einum þeirra.

vordagskráin kemur út. Hér hef ég einungis nefnt brot af starfsemi fjölskyldumiðstöðvarinnar. Að lokum, ég fór inn í Búkollulaut áðan og spurði konurnar, sem koma nær daglega til að gera handavinnu, spjalla, lesa blöðin og síðast en ekki síst til að drekka kaffi og njóta góðrar samveru, já sem sagt ég spurði þessar ágætu konur hvað þær vildu segja við lesendur Breiðholtsblaðsins. Ekki stóð á svari: Það er ekki langt vorið, hér er alltaf pláss fyrir fleira

fólk - við erum svo skemmtilegar. Með kærri kveðju og von um gott og gefandi vor- og sumarstarf. Ég vil og ítreka, að við viljum gjarnan sjá sem flesta Breiðhylltinga taka þátt í því sem í boði er og koma fram með tillögum og óskir um nýbreytni. – Já og bæ bæ Covid.

Álfhildur Hallgrímsdóttir, starfsmaður fjölskyldumiðstöðvar og umsjónarmaður í félagsstarfi.

## Marta Guðjónsdóttir 2. sætið

Með frelsi  
og fjölbreytni  
að leiðarljósi



Munum prófkjör  
Sjálfstæðisflokksins  
í Reykjavík  
18. - 19. mars nk.



# Efla þarf hjólanet í Breiðholti

- segir Sara Björg Sigurðardóttir

Sara Björg Sigurðardóttir varaborgarfulltrúi og formaður íbúaráðsins í Breiðholti segir að efla verði innviðaupbyggingu í borginn. Rannsóknir sýni að samhliða aukinni innviðaupbyggingu aukist hlutdeild hjólréiða. Fleiri kjósi að hjóla. Hún segir að metnaðarfull hjólréiðaáætlun hafi verið samþykkt fyrir árin 2021 til 2025 með rúmlega fimm milljarða fjárfestingu í hjólaborginni Reykjavík. Hún segir að þættir sem snúa að öryggi vegfarenda séu meðal annars aðgreining hjólastíga frá gangbrautum, trygg lýsing, tíð þjónusta á stígum yfir vetrartímum og aðstaða fyrir hjólréiðafólk á borð við yfirbyggð hjólaskýli, fótahvílu við þveranir gatnamóta og tryggar festingar sem hægt er læsa hjólum á öruggan hátt.

Hún kveðst hafa velt því upp hvort rétt forgangsroðun fjármuna sé að efla enn frekar hjólanet í vestari hluta borgarinnar þar sem nú þegar sé að finna mun þéttara hjólanet með fleiri hjólastígum, meira upphitað stígakerfi en hverfin austan megin sem standa hærra yfir sjávarmáli. Vetrarfærð er þyngri og leiðin inn á stofnstíga hjólréiða er talsvert lengri úr Breiðholti, Árbæ og Grafarvog.

## Hjólastígar og borgarlína

Þá bendir hún á að í nýsamþykktu hverfiskipulagi Breiðholts sé að finna skilgreinda hjólastíga sem þvera hverfið þvert og endilangt. Þar sé lagður grunnur að sjálfbæru hverfi. Hún kveðst sjá fyrir sér að bæta megi við hjólrakkrakorti af öruggum hjóllaleiðum innan hverfisins til og frá skóla, í íþrótt- og tómstundastarf, í verslanir og til annarra erinda sem yrði mikilvægur þáttur í að efla hverfið og gera það sjálfbærara. Hún segir að tilkoma borgarlínunnar gerbreyttra aðstæðum til hjólréiða í Breiðholti. Fólk geti farið um hverfið á hjóli og nýtt þjónustu borgarlínunnar sem staðsett verði í Mjóddinni til þess að fara til annarra borgarhluta. Hjólastígar og borgarlína vinni þannig hvort með öðru.

## Hjólréiðar eru lýðheilsุมál

Hún bendir á að hjólréiðar innan hverfis séu ekki aðeins lýðheilsุมál heldur einnig loftslagsmál sem mikilvægt er að horfa til. Breiðholtið sé samfélag tuttugu og tveggja þúsund einstaklinga. Með því að forgangsraða fjármunum í hjólastíga og aðra innviði í hverfum austan Elliðaár til jafns við stöðuna vestan megin muni hlutdeild hjólréiða aukast ekki bara innan hverfanna sjálfra, heldur líka milli hverfishluta.

## Konur hjóla minna – þriðja vaktin leggst meira á þær

Þá vakar spurning um hjólréiðar kvenna. Nota þær reiðhjólíð til jafns við karla. Hún segir að svo sé ekki. Eitt af markmiðum hjólréiðaáætlunnar sé því að fá fleiri konur til að hjóla. Ef lítið er á herferð VR um þriðju vaktina sýna rannsóknir að þriðja vaktin leggst meira á konur en karla. Þar má nefna skutl í tómstundir eða innkaup sem kunni að koma fram í vali á samgöngumáta. Öryggi skipti líka máli og helsta ábyrgð foreldra er að tryggja öryggi barna sinna. Ef öryggi barna sé ógnað á götum úti t.d. vegna hættulegrar umferðar, ónægrar lýsingar

eða skorti á vetrarþjónustu á stígakerfi velja foreldrar öryggið og keyra barnið heldur en hvetja til hjólréiða eða göngu.

## Aðgerðaáætlun sem tekur mið af stöðinni eins og hún er

Sara Björg kveðst að sem

móðir, hjólréiðamanneskja, Breiðhylltingur og áhugakona um vistvænar samgöngur kalla eftir aðgerðaáætlun sem taki mið af stöðinni eins og hún er í dag. Að Breiðholt, Árbær, Grafarvogur og Grafarholt fari í forgang í uppbyggingu nýrra innviða til jafns við þéttleika hjólanetsins vestan megin Elliðaár.



Sara Björg Sigurðardóttir.



# Lið fyrir lið

Íbúfen® – verkjastillandi og bólgueyðandi



Íbúfen 400 mg, filmhúðaðar töflur innihalda 400 mg af íbúprófeni. Lyfið dregur úr verkjum, bólgu og hita. Það er notað við vægum til meðalmiklum verkjum eins og höfuðverk, tannþínu, tíðaverkjum og hita. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is). Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

## Græn skref í flokkun sorps

Í vetur hafa frístundaheimilin í Breiðholti verið að taka þátt í Grænum skrefum. Græn skref er verkefni til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifa stofnana og bæta umhverfisvitund starfsmanna.

Við í frístundaheimilunum höfum verið að leggja aukna áherslu á flokkun á sorpi og aðra þætti sem eru jákvæðir fyrir umhverfið. Við leggjum okkur fram við að stunda vistvæn innkaup á þeim vörum sem við kaupum inn. Þetta er líka kjörrið tækifæri fyrir okkur á frístundaheimilunum til að kenna börnunum hvernig við hugsum betur um umhverfið. Það er mikilvægt að auka umhverfisvitund þeirra. Það er hægt að gera á margan skemmtilegan hátt. Það er hægt að fara út og hreinsa nærumhverfið sitt með því að tyna rusl (plokka) og jafnvel hægt að gera skemmtilega keppni milli barnanna úr því. Við höfum líka endurnýtt umbúðir og annað með því að fönndra úr þeim efnivið sem annars færi í ruslið. Það er hægt að nálgast frekari upplýsingar um Grænu skrefin á síðunni: <https://graenskref.reykjavik.is/>



Að ýmsu þarf að hyggja við flokkun úrgangansins.

## Bókaormur vikunnar í Breiðholtsskóla

Í upphafsviku vorunnar hófst nýtt og skemmtilegt verkefni á skólabókasafni Breiðholtsskóla. Nefnist það Bókaormur vikunnar, þar sem lestrar-spekingum í öllum árgöngum gefst tækifæri til að taka saman skemmtilegustu bækurnar sem þeir hafa lesið, kjósa besta höfundinn og fleira. Bókaormur vikunnar, og uppáhaldsbækurnar hans, verða svo til sýnis á safninu hverju sinni.

Bryndís Elfa í 4. bekk reið fyrst á vaðið og það kom okkur ekki á óvart að J.K. Rowling, höfundur Harry Potter bókanna, er í uppáhaldi hjá henni. Á topp 20 bókalista Bryndísar eru m.a. Harry Potter, Matthildur, Nornirnar, Slæmur pabbi, Miðnæturgengið, Kennarinn sem hvarf, Langelstur í bekknum, Hulduheimar, Kepler 62 og Lína langsokkur. Bryndís er í nautsmerknu og á afmæli 5. maí. Hún elskar pönnukökur með beikoni, eggjum og sýrópi, og uppáhaldslitirnir hennar eru gull og vínráður.



Bryndís Elfa fyrsti bókaormur vikunnar í Breiðholtsskóla.

## Hipp hipp húrra

## Allt að fara á fullt í félagsmiðstöðvunum

Þetta er kannski klisjukenndur texti og jafnvel virðist hann vera endurtekning af gömlum ritum en nú er rátt í Breiðholti Félagsmiðstöðvar Breiðholts hafa opnað á ný og án takmarkana. Það verður sko sannkölluð keyrsla af skipulögðu félagslífi næstu vikur og mánuði í fallega hverfinu okkar. Við ætlum okkur að þora að vera bjartsýn hvað varðar framtíðina þrátt fyrir að vera með svikið hjarta eftir reynslu af fyrri afléttingum, en það er einhver neisti í loftinu núna.

Það sem er á dagskrá á komandi vikum og mánuðum er ekki af verri endanum og eru starfsmenn félagsmiðstöðvanna ekkert smá spennt að keyra þetta allt í gang. Við erum að tala um sitjandi, standandi og flakkandi viðburði eins og söngvakeppni og hæfileikakeppni Breiðholts, skíðaferð, Samfestinginn, landsmót Samfés, skólaböll, fjölbreytt hópastarf og svo auðvitað allar þær liflegu og skemmtilegu opnanir félagsmiðstöðvanna með tilheyrandi dagskrá að hætti unglínganna í hverfinu. Við hlökkum svo sannarlega til að sjá alla aftur samakomna og sameinaða í félagsmiðstöðvum Breiðholts.



Gott skíðafæri skapaðist í snjókomunni á dögum. Krakkarnir slepptu ekki tækifærinu.



NOON  
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 R V K

## Ungmennaráð Breiðholts

## Kynjalaust skólaumhverfi

Natalía Lind Hagalín fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts flutti tillögu fyrir hönd fulltrúa í ungmennaráðinu um kynjalaust skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkurborgar á fundi borgarstjórnar með fulltrúum ungmennaráða nýlega. Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði í samstarfi við umhverfis og skipulagssvið það verkefni að afnema kynjaskiptingu í grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem því verður við komið.

Í greinargerð segir að meðvitund um málefni kynsegin einstaklinga í samfélaginu hafi farið vaxandi síðustu ár og meðfram henni skapast umræða um þá útilokun sem kynjavíhyggja hefur í för með sér. Þessi tvíhyggja birtist á



Fulltrúar ungmennaráða sem sóttu fund borgarstjórnar.

flestum stöðum í samfélaginu, líka í grunnskólum borgarinnar til að mynda með kynjaskiptum salernum, gjarnan í tímum á borð við íþróttir og jafnvel í

hópaskiptingu í hefðbundinni faggreinakennslu. Þetta hefur í för með sér gífurlega neikvæð áhrif á líðan þeirra nemenda sem finna sig ekki innan þessarar tvíhyggju.

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF


Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

SPENNANDI VIÐBURÐIR Í HVERJUM MÁNUÐI

FRÍTT  
INN

# ALLTAF GAMAN

Fylgstu með dagskránni á Facebooksíðu Keiluhallarinnar. [facebook.com/keiluhollin](https://facebook.com/keiluhollin)  
Bókaðu borð tímanlega á [keiluhollin@keiluhollin.is](mailto:keiluhollin@keiluhollin.is)



**ÞAÐ ER GALOPIÐ  
HJÁ OKKUR &  
SPILUM Á ÖLLUM  
BRAUTUM**

FYLGSTU MEÐ DAGSKRÁNNI Á  
[FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN](https://facebook.com/keiluhollin)



**BOLTATILBOÐ Á  
ÖLLUM LEIKJUM  
Í BEINNI**

12" PIZZA MEÐ  
2. ÁLEGGJUM  
1.990 KR.

PIZZA & SHAKE  
3.790 KR.

VENJULEGIR  
KJÚKLINGA/VÆNGIR  
10 STK. / 20 STK.  
1.490 KR. / 2.490 KR.

EDLA MEÐ  
NACHOS  
1.590 KR.

STÓR Á KRANA  
990 KR.

GOS MEÐ  
ÁFYLLINGU  
290 KR.



[keiluhollin.is](https://keiluhollin.is)

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

Fella- og Hólakirkja

# Kristín, Grímur og Arnhildur með tónleika



Arnhildur Valgarðs, Kristín Ragnhildur og Grímur.

Þríeyki sem saman stendur af Kristínu Ragnhildi Sigurðardóttir sópran söngkonu, Grími Helgasyri klarínettuleikara og Arnhildi Valgarðsdóttur píanóleikara og kórstjóra mun halda tónleika í Fella og Hólakirkju þriðjudaginn 1. mars næst komandi. Tónleikarnir verða í beinu framhaldi af starfi aldraðra í kirkjunni.

Þar mun Kristín Ragnhildur ásamt Grími og Arnhildi flytja verk samin eftir Schubert; Der Hirt auf dem Felsen opus 129 og Sex þýsk ljóð opus 103 eftir Louis Spohr við undirleik þeirra Arnhildar og Gríms. Louis Spohr var þýskt tónskáld og fiðluleikari fæddur apríl 1784. Tónlist hans var á mill klassikur og rómantikur. Efir hann liggja tíu óperur, tíu sínfónúr auk fjölda annarra verka. Þetta er skemmtileg uppbót á samkomur aldraðra sem fram fara í hádeginu á þriðjudögum. Vonandi að sem flestir sjái sér fært að mæta.

**BÍLAVIDGERÐIR**  
**BÍLHÚSIÐ** www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

# Grunnþjónusta í forgang og almenn virðing fyrir borgurunum

- segir Marta Guðjónsdóttir

Það stýttist í borgarstjórnarkosningar. Flokkarnir eru nú í óðaönn að velja sér fulltrúa á framboðslista. Síðan þarf að huga að stefnuskrá. Að því loknu fer kosningabaráttan í gang. Breiðholtsblaðið innti Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins eftir hennar sýn á komandi kosningar og stöðuna í borgarpólitíkinni. Hún hefur verið áberandi borgarfulltrúi minnihlutans á þessu kjörtímabili, er varaforseti borgarstjórnar og gefur kost á sér í annað sætið á lista Sjálfstæðisflokksins.

Marta hefur beitt sér fyrir skynsamlegum lausnum í skipulags- og samgöngumálum. Hún telur að tækifæri til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis fyrir ungar fjölskyldur sé réttlætismál sem eigi að setja í forgang. Þá hefur reynsla hennar og þekking skilað sér í fjölmörgum framfarasinuðum málum á sviði skóla- og uppeldismála.

*Marta, um hvað munu kosningarnar snúast?*

Við höfum verið í góðu árferði á landsvísi, þrátt fyrir heimsfaraldur. Engu að síður hefur Reykjavíkurborg verið að safna gífurlegum skuldum, án þess að standa í opinberum stórfamkvæmdum. Þetta verður áberandi í kosningabaráttunni. Svona alvarleg skuldastaða kemur alltaf niður á almenningi: í hærri sköttum og álögum, verri þjónustu og vanrækslu af ýmsu tagi, s.s. eins og á viðhaldi skólabygginga, skólalóða, göngustíga og annarra mannvirkja. Það þarf því að bregðast strax við þessari alvarlegu skuldastöðu. Við þurfum að lækka þessar skuldir á raunhæfan hátt, en við þurfum einnig að stöðva skuldasoðun. Það gerum við með því að hagræða í rekstri og draga úr óþarfa gæluverkefnum á ýmsum sviðum.

Þegar skuldafeninu sleppir held ég að helstu kosningamálun muni snúast um skipulagsmál, samgöngumál, lóða- og húsnæðismál og síðast en ekki síst biðlista á leikskólunum og bættu þjónustu við eldri borgara.

*Áttu von á að hægt sé að liðka fyrir umferðinni á stofnbrautum á álagstímum?*

Já. Enda eru þessar sívaxandi umferðartafir, því miður, að verulegu leyti heimatilbúnar. Í meira en áratug hafa borgaryfirvöld fylgt þeirri stefnu að að berjast fyrir Borgarlínu en leggja um leið stein í götu okkar þegar kemur að stofnbrautum. Þetta hægir mjög á ferðum fólksbíla og almenningsvagna. Okkar stefna snýst hins vegar um að greiða fyrir allri umferð - óháð ferðamáta.

Það er löngu orðið tímabært að liðka verulega fyrir umferðarflæði stofnbrautanna á álagstímum. Í þeim efnum er hægt að bæta ástandið verulega á skömmum tíma, t.d. með nútíma snjalltækni í ljósastýringum, undirgöngum eða göngubrú í stað ljósastýrðra gangbrauta yfir Miklubraut og með löngu tímabærum mislægum



Marta Guðjónsdóttir. Gamla rafstöðvarhúsið í Elliðaárdal í baksýn.

gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. Svona ráðstafanir myndu strax taka kúfinn af umferðartöfunum. Þetta hefur lengi verið ljóst en enginn pólitískur vilji fyrir hendi. Tafatíminn í umferðinni er því enn einn skatturinn sem lagður hefur verið á Reykvíkinga. Það er nánast á öllum sviðum sem borgarbúar þurfa að greiða fyrir ranga stefnu meirihlutans.

*Hvernig sérðu fyrir þér að hægt sé að leysa húsnæðisvandann og lóðaskortinn?*

Þarna komum við aftur að heimatilbúnum vanda. Aðalskipulagið frá 2013 kvað á um að nánast öll uppbygging ætti að vera miðsvæðis, vestan Elliðaáa. Þessi þéttingarstefna hefur margfaldað byggingalóðir í verði og leitt þannig af sér mikinn húsnæðisskort og gífurlegar hækkanir á húsnæðis- og leiguverði. Auk þess vekur þéttingin víða deilur þar sem hún þrengir oft verulega að þeirri byggð sem fyrir er. Hér þarf að snúa við blaðinu. Mæta þarf húsnæðisþörfinni með úthlutun lóða á hagkvæmu verði fyrir fjölbreytta byggð í nýjum hverfum. Það er allur galdurinn.

Biðlistar á leikskólum hafa verið viðvarandi vandi.

*Áttu einhver svör við því?*

Já. Við þurfum meirihluta í borgarstjórn sem er reiðubúinn að setja grunnþjónustu við borgarbúa í forgang. Pólitískur vilji er því upphafið og endirinn á þessu öllu saman. Borgaryfirvöldum ber að veita borgarbúum tiltekna grunnþjónustu en hún versnar með hverju árinu. Fjöldi foreldra þurfa að aka í önnur hverfi með börnin sín á leikskóla og aðrir þurfa t.d. að fá ömmur og afa til að hlaupa í skarðið. Meirihlutinn hefur gefist upp á því að stytta biðlista á leikskóla og sinna viðhaldi skólabygginga. Það er jafnréttismál að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla þannig að öll börn 12 mánaða og eldri verði tryggð leikskólavist. Til að vinda ofan af þessum vanda þurfum við fyrst og síðast gjörbreytt viðhorf. Setja þarf grunnþjónustu í forgang og almenna virðingu fyrir borgurunum, tíma þeirra og fjármunum.

**Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.**

- B-réttindi á íslensku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólánámskeið
- Meiraprófnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 10-17 alla dag;

# Hverfislögreglustöð vantar í Breiðholtið

- segir Kjartan Magnússon

**Miklar úrbætur þarf að gera í húsnæðismálum, samgöngumálum, skólumálum og almennri umhirðu í borginni að sögn Kjartans Magnússonar varþingmanns og fyrrv. borgarfulltrúa, sem sækist eftir öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins 17.-18. mars.**

Kjartan er Breiðhyltingum að góðu kunnur enda beitti hann sér í mörgum málefnum hverfisins þegar hann sat í borgarstjórn. Kjartan segir að núverandi meirihluti borgarstjórnar sé áhugalítill um málefni Breiðholts og Seljahverfis og því vilji hann breyta.

## Aukið lóðaframboð

Kjartan vill breyta stefnunni í húsnæðismálum borgarinnar og gera sem flestum kleift að eignast eigin húsnæði á viðráðanlegu verði, ekki síst ungu fólki, sem vilji stofna eigið heimili: „Lóðaskortur einkennir húsnæðisstefnu vinstri meirihlutans, sem leiðir af sér of hátt íbúðaverð. Til þess að bæta úr ófremdarástandi á húsnæðismarkaði þarf Reykjavíkurborg að stóruka framboð lóða á hagstæðu verði í nýjum hverfum,” segir Kjartan.

## Gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar

Breiðhyltingar þekkja þann flöskuháls, sem gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar eru. Á síðasta kjörtímabili lagði Kjartan ítrekað til í borgarstjórn

að hafist yrði handa við gerð mislægra gatnamóta á þessum stað í því skyni að greiða fyrir umferð, fækka slysum og draga úr mengun. „Ljóst er að mislæg lausn á þessum stað yrði mjög arðsöm en þetta er ein af þeim lagfæringum á gatnakerfinu, sem vinstri meirihlutinn hefur unnið gegn. Það væri þarft verk að reikna út þann uppsafnaða kostnað, sem Breiðhyltingar hafa orðið fyrir vegna tafa á þessum gatnamótum. Ljóst er að þar er um háar upphæðir að ræða,” segir Kjartan.

Skólamál eru Kjartani hugleikin og segir hann brýnt að bæta grunnskólamenntun. „Virka þarf foreldra til góðs í skólasterfi og fara þannig að fordæmi þjóða, sem eru í fremstu röð í menntamálum. Þá hef ég lagt til að framhaldsmenntun verði styrkt í eystri hverfum borgarinnar með því að nýjum framhaldsskóla eða -deild með bekkjarkerfi verði komið þar á fót. Ég mótmælti því harðlega á sínum tíma þegar Samfylkingin ákvað á sínum tíma að gera Breiðholt að tilraunahverfi vegna sameiningar leikskóla í andstöðu við foreldra.

## Íþróttahús ÍR rís eftir 14 ára töl

Sem borgarfulltrúi lagði Kjartan mikla áherslu á íþrótt- og æskulýðsmál í Breiðholti og flutti margar tillögur um þau. „Árið 2004 lagði ég fram tillögu um lagningu gervigrasvallar á ÍR-svæðinu, sem gekk eftir 2007. Um svipað leyti lagði ég einnig til að íþróttahús



Kjartan Magnússon.

yrði reist á ÍR-svæðinu og 2008 gerði þáverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar samkomulag við ÍR um bygginguna. Vinstri meirihlutinn, sem tók við 2010 ákvað að „salta“ verkefnið og það er ekki fyrr en nú, 14 árum eftir umrætt samkomulag, að við sjáum hið íþróttahúsið loks rísa.”

## Leiknishús og líkamsræktarstöð

Árið 2005 flutti Kjartan tillögu um byggingu Leiknishússins og var það tekið í notkun 2009. Á síðasta kjörtímabili flutti Kjartan tillögu um endurnýjun gervigrasvallar Leiknis, uppbyggingu áhorfenda-aðstöðu við keppnisvöll félagsins og nauðsynlegar endurbætur á Leiknishúsinu.

Árið 2009 flutti Kjartan tillögu um líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug og var hún opnuð 2016.

## Hverfislögreglustöð

Á síðasta kjörtímabili lagði Kjartan til að ríkið og Reykjavíkurborg kæmu í sameiningu á fót hverfislögreglustöð í Breiðholti. „Slík stöð var starfrækt í hverfinu með góðum árangri um 20 ára skeið en hún var lögð niður 2009. Mikil ánægja var með starfsemi stöðvarinnar á meðan hún var

starfrækt. Lögregluþjónarnir þar mynduðu jákvæð tengsl út í hverfið og öðluðust vináttu margra Breiðhyltinga, ekki síst af yngri kynslóðinni. Tillagan náði ekki fram að ganga á sínum tíma en ég mun taka þetta mál upp á ný ásamt ýmsum öðrum málefnum Breiðholts, fái ég til þess fylgi,” segir Kjartan Magnússon að lokum.

**Joserabúðin**  
Ögurhvarfi 2  
joserabudin.is

**Voffsalega skemmtileg gældudýrabúð!**

# Breiðholt

HEILSU EFLANDI BREIÐHOLT

ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

UPPLÝSINGAR  
Á NÍU  
TUNGUMÁLUM  
Í  
BÆKLINGUM  
OG  
MYNDBÖNDUM



www.facebook.com/breidholtid



www.instagram.com/breidholt.is



www.youtube.com  
þjónustumiðstöð Breiðholts



## HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

## Fjölbreyttni í Breiðholti

Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað hratt á Íslandi á undanföllum árum. Fjölmennasti innflytjendahópurinn er fólk sem flyst til landsins til að sinna vinnu af ýmsu tagi. Þá hefur flóttafólki einnig fjölgað sem leitar fríðsæls lífs hér á landi. Við sem störfum í almannaþjónustu þurfum því að taka mið af mjög fjölbreyttum hópi fólks og fylgjast með þróuninni í samfélaginu. Í þessum pistli mun ég fyrst og fremst fjalla um íþrótt- og frístundaþátttöku barna og unglinga. Breiðholtið hefur verið eftirbátur annarra hverfa er kemur að þátttöku í íþróttum og frístundum og okkar vegferð snýr að því að bæta þá stöðu.

Nýlega voru birtar tölur um íbúasamsetningu (félagsvísar árið 2020) í hverfum borgarinnar og kemur þá ýmislegt í ljós er viðkemur aldursamsetningu, kynjahlutfalli, fjölda íbúa sem nýta félagslega þjónustu o.fl. Út frá þessu er einmitt hægt að skoða hvar þörf er á aukinni þjónustu við börn og unglinga.

Helstu niðurstöður félagsvísanna 2020 sem viðkoma börnum og unglingum og uppruna eru þessar: 21% íbúa í Reykjavík eru undir 18 ára aldri.

Íbúar með erlent ríkisfang eru flestir í Vesturbæ/miðborg/Hlíðum eða 23%, en 22% í Breiðholti af heildaríbúafjölda borgarluta. Hlutfallið er mun lægra í hinum tveimur borgarhlutum, þ.e. í Laugardalur/Háaleiti og Austur(Grafarvogur/Grafarholt/Árbær).

## Langflest erlend ríkisföng í Breiðholti

Ef skoðuð er aldursamsetning þeirra sem hafa erlent ríkisfang þá eru langflest börn í Breiðholti eða um 900 undir 18 ára á meðan í Vesturbæ/miðborg/Hlíðum eru um rúmlega 700 börn um og 600 í hinum tveimur borgarhlutum.

Hlutfallslega fleiri barnafjölskyldur búa í Breiðholti en í öðrum borgarhlutum og einnig eru hlutfallslega fleiri barnmargar fjölskyldur í Breiðholti en í öðrum borgarhlutum samkvæmt þessum tölum. Áhuga-vert er að velja því fyrir sér hvort samsetning íbúa sem búa í Breiðholti endurspeglar á vinnustöðum í Breiðholti.

Af þessu má sjá að það er ekki af ástæðulausu sem verið er að auka á þjónustu við börn og unglinga í Breiðholti. Reynsla af starfi síðustu ára sýnir að auk þarf og þróa þá þjónustu enn frekar. Fjölbreytileiki þjóðerna og menningarhópa er mikill og mikilvægt að kynna þá möguleika sem börnum og unglingum standa til boða í okkar samfélagi s.s. til íþrótt- og frístundastarfs.

Samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir þurfum við að vinna markvissar að því að koma börnum og unglingum sem búa í hverfinu til þátttöku í íþróttafélögum og frístundastarfi í hverfinu. Á sama hátt og framfylgja þarf jöfnun ráðninga eftir kyni ættu áætlanir stofnanna, fyrirtækja og í félaga í Breiðholti að miða að því ráða til sín starfsfólk með fjölbreytt viðhorf og reynslu úr ýmsum mál- og menningarhópum sem búa í hverfinu.

Eins er áhugavert að skoða framboð íþrótt- og frístunda í Breiðholti. Það er augljóst að auka þarf á fjölbreytileikann, bæði er viðkemur til nýjum íbúum sem hafa mismunandi þarfir og áhuga en einnig þegar kemur að því að jafna tækifærin innan Breiðholtshverfanna. Í efra Breiðholti þarf meiri fjölbreyttni og vonir standa til að úr því verði bætt á næstu misserum. Við höfum gert könnun meðal barna og unglinga innan skólanna sem sýnir skýrt að það vantar ýmislegt uppá framboðið á íþrótt- og frístundastarfi í hverfinu.

Í verkefninu „Frístundir í Breiðholti“ höfum við í samstarfi við skólana, íþróttafélögin og aðra frístundaaðila markvissar unnið að því að ná til óvirkra barna og unglinga sem búa í Breiðholti.

## Markvissar unnið að kynna möguleika

Markvissar hefur verið unnið að því að kynna íþrótt- og frístundamöguleika fyrir þessum hópi sem mest hefur skort á að taki þátt. Við höfum auk þess unnið að því að vinna með nálgunina maður á mann, þ.e. fundað með þeim fjölskyldum sem þurfa aðstoð til virkni og fundið lausnir fyrir hvert barn fyrir sig. Verkefnið „Velkomin í hverfið þitt“ hefur verið þar lykilla þáttur og samstarf við skólana er þar mikilvægast. En einnig eru starfsmenn frístundar (frístundarheimila og félagsmiðstöðva), samvinna við íþróttafélögin og þá aðila sem bjóða upp á markvissar frístundastarf stór þáttur í að verkefnið beri tilætlaðan árangur. Við höfum til að mynda sett á laggirnar ný verkefni í samvinnu við Myndlistarskóla Reykjavíkur, auknið samstarf milli skólanna og World Class, boðið upp á opin íþróttahóp fyrir unglinga sem ekki vilja keppa o.fl.

Fjölbreytileikinn í Breiðholti á sér enga hliðstæðu og teljum við möguleikana óteljandi til að gera hverfið okkar einstakt, litskrúðugt og skemmtilegt að búa í. Til að ná árangri þá þarf alla með í bátinn og biðlum við því til allra sem vinna með börnum og unglingum til að sýna þessu skilning og ábyrgð.

Jóhannes Guðlaugsson  
Frístundastjóri í Breiðholti



Jóhannes Guðlaugsson.

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

## Leiknir óskar eftir hybrid gervigrasi

Forráðamenn Leiknis í Breiðholti hafa óskað eftir hybrid gervigrasi í stað þess gras sem er á knattspyrnuvelli sínum. Þetta kemur fram í erindi sem félagið hefur hefur sent til Menningar- íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Þá hefur Leiknir verið á undanþágu hjá KSÍ vegna aðstöðuleysis áhorfenda við knattspyrnu-leikvang sinn og mun fyrir komandi leiktíð þurfa að sækja um slíka undanþágu á ný.

Félagið leggur nú til að farið verði í framkvæmdir við að skipta út grasvelli félagsins á aðalvöllinum fyrir hybrid gervigras áður en farið verði í að byggja yfir áhorfendastúku við völlinn. Í erindi Leiknis segir meðal annars að hætt sé við því að ný yfirbygging nýtist illa þar sem völlurinn væri ekki tilbúinn í byrjun leiktímabils og hugsanlega orðin mjög lélegur í lok tímabils ef hann væri þá notanlegur. Við þær aðstæður sem félagið býr við í dag skekki það samkeppnisstöðu félagsins.

Leiknir hefur óskað eftir því að Reykjavíkurborg sýni stuðning við tillögu félagsins með viljayfirlýsingu um uppbyggingu á gervigrasvelli í stað aðalvallar og svo í framhaldi eða samhliða yfirbyggingu yfir stæði við aðalvöll sem væri fyrir að minnsta kosti 280 til 300 manns. Í



Tekist á á Leiknisvelli.

erindi Leiknis segir að viljayfirlýsing frá Reykjavíkurborg varðandi framkvæmdirnar myndu auðvelda Leikni að sækja um undanþágu til KSÍ varðandi aðstöðuleysis áhorfenda. KSÍ getur gefið undanþágur ef fyrir liggur framkvæmdaráætlun um uppbyggingu.

## Pólskur landsliðsmaður í Leikni

Leiknir hefur samið við pólska kantmanninn Maciej Makuszewski og mun hann spila fyrir Breiðholtssliðið á komandi tímabili. Makuszewski er 32 ára og býr yfir mikilli reynslu. Hann hefur leikið fimm landsleiki fyrir pólska landsliðið og var í 35 manna úrtakshóp Póllands fyrir HM í Rússlandi 2018. Hann var þó ekki hluti af lokahópnum.

Leiknir bindur miklar vonir við Makuszewski í sumar og vonast til þess að koma hans muni auka áhuga á félaginu meðal

pólska samfélagsins á Íslandi. Leiknir hafnaði í áttunda sæti í efstu deild í fyrri og leikur í fyrsta sinn tvö ár í röð í deild þeirra bestu.

Félagið hefur unnið markvissar að því að styrkja sóknarlínuna að undanföngu og fékk dönsku leikmennina Mikkel Jakobsen og Mikkel Dahl en sá síðarnefndi varð markakóngur færeysku deildarinnar í fyrri. Þá fékk félagið hinn unga og spennandi Róbert Hauksson frá Þrótti. Áður hafði félagið endurheimt tvo uppvalda leikmenn;



Maciej Makuszewski.

varnarmanninn Óttar Bjarna Guðmundsson og miðjumanninn Sindra Björnsson.

## Þórdís Lóa Þórhallsdóttir skrifar

## Sundabraut styður við þéttingu byggðar

Þau sem eldri eru en tvævetra eru kannski hætt að hlusta á loforð um Sundabraut, nýja leið út úr Reykjavík sem eykur bæði aðgengi að borginni og út úr henni. Í hjarta mínu trúir ég því að verið sé að taka stór skref í átt að Sundabrautinni með nýrri félagshagfræðigreiningu sem sýnir hversu hagkvæmt verkefni Sundabraut er, hvort sem farið verður í brú eða göng.

Hlutverk Reykjavíkurborgar í því verkefni er að verja hagsmuni borgarbúa, ekki síst þeirra sem verða fyrir áhrifum af Sundabrautinni með aukinni umferð í nærumhverfinu. Og fá skipulag um Sundabraut samþykkt sem allir hagaðilar fá tækifæri til að hafa áhrif á. Skipulagið þarf auðvitað að taka tillit til þeirrar byggðar sem er í Reykjavík, bæði hvað varðar Vogana en ekki síður Grafarvog, þannig að Grafarvogsbúar hafi áfram gott aðgengi að útivistarsvæði sínu við ströndina.

Göng eða brú hefur hvort um sig kosti og galla. Falleg brú gæti orðið eitt helsta einkenni Borgarlandsins, sem yrði líka hægt að hjóla eða ganga yfir. Á meðan göng trufla síður umhverfi þeirra sem búa nálægt Sundabraut. Þá þarf að meta áhrif brúar eða ganga á Sundahöfn og notkun hennar sem stórskipahöfn.

## Tengir Reykjavík betur saman

Einn helsti kostur Sundabrautar yrði að tengja hverfi Reykjavíkur betur saman á sama tíma og hún getur styrkt þéttingu byggðar. Grafarvogur og Kjalarnes myndu með Sundabraut færast töluvert nær miðborginni. Umferðarálag myndi á sama tíma dreifast meira á einhverjum stöðum, þó Sundabraut hefði lítill áhrif á öðrum.

Miklar breytingar eru að verða á Ártúnshöfðanum, þar sem atvinnuhúsnæði er að víkja fyrir íbúðahúsnæði. Þetta er mjög eðlileg þróun í vaxandi borg, að landfrekt atvinnuhúsnæði flytjist þar sem

landsvæðið er rýmra og ódýrara, á meðan verðmætara land er byggt upp sem ný hverfi. Þetta sjáum við, auk Ártúnshöfðans, á Kársnesinu í Kópavogi og í Hrauninum í Hafnarfirði.

## Iðnaðarsvæði Esjumelum

Lítill og meðalstór iðnaður á samt að eiga sér stað innan borgarmarkanna og gott svæði er fyrir hendi á Esjumelum. Samkeppnishæfni Esjumelanna myndi styrkjast verulega við að fá Sundabraut og tengjast þannig Reykjavík betur. Með þægilegri fjarlægð, getur Reykjavík stutt við fjölgun fyrirtækja sem annars gætu fundið sér stað í nágrannasveitarfélögum. Ein stærsta breytingin yrði svo á umferð þungaflutninga, sem myndi í mun minna magni skríða upp Ártúnshöfðana og í gegnum Mosfellsbæ, á leið vestur og norður um land. Í greinargerð Mannvits og Cowi kemur fram að sendiferðabílar og þungaflutningar myndu spara um 30 þúsund km. í akstri á ári, miðað við að ferðum fjölgaði ekki, með því að fara beinni leið upp á Kjalarnes.

En við viljum ekki bara færa mengunina og umferðarvandann úr Mosfellsbæ og í Vogana eða Grafarvog. Því þarf að undirbúa Sundabraut vel og gera hana þannig úr garði, að umhverfisáhrifin verði sem minnst. Því er næsta skref að vinna umhverfismat og fara í víðtækt samráð við íbúa í nærumhverfinu og aðra hagaðila.

Höfundur er formaður borgarráðs og oddviti Viðreisnar.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

# Adam Pawel vann keilukeppnina

- ÍR-ingar atkvæðamiklir í keppninni á Reykjavíkurlaikunum

Undanfarna daga hefur staðið yfir keilumót vegna Alþjóðlegu Reykjavíkurlaikanna. Adam Pawel Blaszcak sem keppir undir merkjum ÍR vann mótið í ár en hann sigraði hinn þaulreynda Hafþór Harðarson sem einnig er í ÍR í úrslitum mótsins. Þeir félagar mættu í úrslitin ásamt Robert Anderson frá Svíþjóð og EJ Nenichka frá Bandaríkjunum en fjórir efstu keppendurnir komust í loka úrslitin eftirútslátarkeppni sem hafði fara fram fyrir um daginn.

Alls tóku 29 ÍR-ingar þátt á mótinu í ár auk þess sem margir af félagsmönnum ÍR stóðu að undirbúningi og framkvæmd mótsins. Alls kepptu um 100 keilarar á mótinu frá alls 10 þjóðlöndum. Meðal þeirra voru þrjár atvinnukonur sem keppta á bandarísku mótaröðinni en í ár komu aftur þær Daria Pajak frá Pólandi, Diana Zavjalova frá Lettlandi og Verity Crawley frá Englandi.

Nokkrir ÍR-ingar settu bæði Íslandsmet og önnur persónuleg met á mótinu og má þar helst nefna að Gunnar Þór Ásgeirsson náði sínum fyrsta fullkomna



Adam Pawel keppti í keilu.

leik á ferlinum. Einar Már Björnsson náði sínum öðrum fullkomna leik en Adam Pawel gerði sér lítið fyrir og náði sínum fyrsta 300 leik í sjónvarpsúrslitunum. Héldu keppendur merkjum ÍR hátt á lofti.

# ÍR-ingar með verðlaun í karate á RIG

Karetehluti Reykjavíkurlaikanna fór fram sunnudaginn 30. janúar sl. í Laugardalshöllinni. Tveir keppendur tóku þátt frá ÍR, þau Dunja Dagný Minic og Jakub Konu.

Dagný keppti í kata og kumite og vann til silfur- og bronsverðlauna. Jakub keppti í kata og hlaut hann silfurverðlaun fyrir.

10 erlendir keppendur tóku þátt á mótinu frá Svíþjóð og Skotlandi auk yfir 60 keppenda frá Íslandi. Tveir gestadómarar komu frá Danmörku, þau Thomas Larsen EKF-referee og Camilla Budtz, NKF-referee.

Dunja Dagný Minic til vinstri og Jakub Konu til hægri.



# Eyjólfur Örn framkvæmdastjóri ÍR

Eyjólfur Örn Snjólfsson hefur verið ráðinn tímabundið í starf framkvæmdastjóra ÍR.

Eyjólfur býr yfir víðtækri starfsreynslu á sviði verkefnastjórnunar og starfaði áður við greiningar og líkanagerð hjá Analytica ráðgjöf. Eyjólfur er með meistara-gráðu í rafmagnsverkfræði ásamt

því að hafa lokið MBA námi og prófi í verðbréfavæðskiptum. Eyjólfur hefur jafnframt sinnt ýmsum félagsstörfum og þekkir til félagsins þar sem hann hefur átt börn í félaginu og er búsettur í hverfinu.

Eyjólfur hóf störf þann 15. febrúar sl.



Eyjólfur Örn Snjólfsson.

# Bjarki Stefánsson nýr íþróttastjóri ÍR

Bjarki Stefánsson hefur verið ráðinn íþróttastjóri ÍR. Bjarki er 31 árs gamall og með MSc-próf í sports business and management frá University of Liverpool og BS-próf í íþróttarfræði frá Háskóla Íslands.

Bjarki starfaði áður sem framkvæmdastjóri HSV Héraðssamband Vestfirðinga auk þess sem hann hefur komið að þjálfun bæði í handbolta og knattspyrnu. Bjarki hóf störf 1. febrúar sl.



Bjarki Stefánsson

# ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



# ÁFRAM ÍR

# DARTVÖRUR Í ÚRVALI



Siðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715

# SmíðaVik

GÓDIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur



GETRAUNANÚMER ÍR  
**109**  
1X2  
GETRAUNIR.IS

**B&T**  
RÉTTING & SPRAUTUN  
578 5070  
Skemmuvegi 44m · Kópavogi  
www.bilarogtjon.is



# Íbúafundur borgarstjóra í Breiðholti

**Borgarstjóri býður til opins íbúafundar  
fimmtudaginn 10. mars kl. 20:00 í  
Breiðholtsskóla.**

Á fundinum kynni borgarstjóri það sem er efst á baugi í hverfinu og mun eiga samtali við íbúa um framtíð hverfisins.

Íbúar geta sent fyrirspurnir á netfangið [ibuafundir@reykjavik.is](mailto:ibuafundir@reykjavik.is) eða borið þær fram á fundinum sjálfum.

Heitt verður á könnunni frá kl. 19.30 en fundinum verður einnig streymt á vef Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg

Nánari dagskrá og streymi má finna á  
[reykjavik.is/ibuafundir](https://reykjavik.is/ibuafundir)